

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/607
komudagur 14.12.2004

 TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2004
SS/KSG/084/04

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum.

Með vísan til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2004, er hér með komið á framfæri athugasemdum Tryggingastofnunar ríkisins / Fæðingarorlofssjóðs við ofangreint frumvarp.


Sem framkvæmdaraðili sér Fæðingarorlofssjóður sér ekki fært að taka beina efnislega afstöðu til frumvarpsins en vill þó koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Tryggingastofnun ríkisins synjaði kröfu foreldris um greiðslu orlofs á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði á þeim grundvelli að lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof veittu enga lagaheimild til greiðslu orlofslauna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði þar sem ekki væri að finna ákvæði í lögnum sem kvæði á um að greiða skyldi orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þessi niðurstaða Tryggingastofnunar ríkisins var staðfest af úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála í kærumáli nr. 19/2003 og enn fremur í dómi héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp 23. september sl. Þannig hafa bæði framkvæmdaraðilar og dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að lög nr. 95/2000 hafi ekki að geyma lagaheimild til greiðslu orlofslauna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Af svari sem Tryggingastofnun ríkisins sendi félagsmálaráðuneytinu þann 20. október sl. verður ráðið að hefði lágmarkshlutfall orlofslauna, 10,17%, verið reiknað á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði árin 2001, 2002 og 2003 hefðu útgjöld Fæðingarorlofssjóðs aukist um kr. 237.917.671 árið 2001, um kr. 399.135.239 árið 2002 og um kr. 493.511.975 árið 2003.

Verði frumvarp það sem athugasemdir þessar varða að lögum vill Tryggingastofnun ríkisins koma á framfæri að stofnunin telur að kveða þurfi skýrt á um framkvæmd orlofsgreiðslna í reglugerð t.d. varðandi hvenær orlofsgreiðslur skulu greiddar út, hvort og þá hvernig tryggja megi að foreldri leggi niður störf samhliða orlofsgreiðslum eða hvort orlof skuli greitt út án kröfu um frítöku og hvernig með skuli farið mismunandi réttindi foreldra á vinnumarkaði samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningum.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri